

Stjórnarfundur UMSB

9.9.2014 – kl. 20.00

Haldinn á skrifstofu UMSB í Borgarnesi.

Mættir: Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Þórdís Þórisdóttir, Pálmi Blængsson, Þórhildur María Kristinsdóttir og Sólrún Halla Bjarnadóttir.

1. Formaður setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerðir síðustu 2x stjórnarfunda.

Fundargerðirnar samþykktar.

3. Verkefni í gangi

- a) Samningurinn við Borgarbyggð um tómstundamálin.

Búið er að skrifa undir samning við Borgarbyggð um íþrótt og tómstundaskóla. Var það gert á fimmtudaginn 4. september.

- b) Ráðning starfsmanns.

Búið er að ganga frá ráðningu starfsmanns, Sigurður Guðmundsson frá Hvanneyri mun taka til starfa samkvæmt samningi við Borgarbyggð 1.nóvember. Lagt er fyrir fundinn að Sigurður byrji fyrr, eða um miðjan október vegna fjölda verka sem fyrir liggja hjá sambandinu. Samþykkt er að Sigurður byrji tveimur vikum fyrr en samningurinn gerir ráð fyrir og mun UMSB sjá um að greiða laun fyrir hann þann hálf mánuð eða frá 15. október fram til 1. Nóvember.

- c) Tímatafla íþróttamannvirkja.

Pálmi segir okkur frá tímatafla og kynnir hana fyrir okkur. Taflan gildir í mánuð til að byrja með, til að sjá hvernig tímarnir eru nýttir og hvernig mæting er í þær æfingar sem boðið er uppá.

- d) Reglur íþróttamannvirkja.

Pálmi fékk bréf frá forstöðumanni íþróttamannvirkja Borgarbyggðar með reglum um íþróttamannvirkin. Samkvæmt lögum er það á ábyrgð sveitarfélaga að eftirliti sé sinnt innan íþróttamannvirkja í eigu og rekstri sveitarfélaga. Þær reglur sem bárust þykja ekki viðunandi og ætlar Pálmi í samstarfi við Ásthildi fræðslustjóra að skoða hvernig reglum um íþróttamannvirki er háttað í öðrum sveitafélögum og útbúa reglur fyrir okkur.

- e) Starfsstyrkir 2014

Búið er að úthluta starfsstyrkjum og borga þá út.

Ábending barst frá tveimur aðildarfélögum vegna þess að umsókn þeirra hafi misfarist og skilaði sér ekki til UMSB fyrir auglýstan umsóknarfrest. Þau óskuðu eftir að umsókn þeirra yrði tekin til greina við úthlutun starfsstyrksins.

Lagt til að umsóknirnar verði teknar gildar og þessum félögum úthlutað starfsstyrk, það var samþykkt.

4. SamVest starfsmaður á vegum UMSB.

Garðar hjá HSH hefur verið starfsmaður SamVest. Í vor var samþykkt að UMSB myndi taka að sér gjaldkera starfið, en hann myndi áfram sjá um að sækja styrki. Hann kom svo á fund við Pálma og þá kom í ljós að starfið fól í sér meira en upphaflega var ætlað. Pálmi samþykkti að taka að sér gjaldkeramálin en ekki sem starfsmaður SamVest þar sem það passar ekki við stefnu UMSB að starfa meira fyrir eina íþróttagrein umfram aðrar. SamVest ætlar að funda um málið og verða svo í sambandi.

5. Styrkumsókn, Bjarki Pétursson.

Sækir um styrk vegna keppnisferða til Hollands og Finnlands. Samþykkt að nota 50.000 kr. sem búið var að eyrnamerkja honum vegna verðlauna í styrktargolfmóti sem GB ætlaði að halda í sumar til styrktar Bjarka en verður líklega ekki haldið.

6. Önnur mál.

Heimsókn til Hvalfjarðarsveitar rifjuð upp. Nú er kominn nýr sveitastjóri og því er tími kominn til að halda áfram viðræðum við nýja sveitastjórn um samstarf. Pálma falið að rifja upp bréfið um samstarf milli UMSB og sveitarfélagsins og óska eftir viðræðum við nýjar sveitarstjórnir í Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepps um mögulegt samstarf vegna íþróttar og tómskundaskóla, íþróttamanns ársins, og fl..

Pálmi segir okkur frá hugmynd um að kynna vel það sem boðið er uppá hjá aðildarfélögum UMSB í vetur. Pálmi leggur til að útbúið verði kynningarblað í samstarfi við Borgarbyggð þar sem möguleiki er að kynna starf fleiri aðila innan Borgarbyggðar í leiðinni og jafnvel verði hægt að samtvinna þetta með fréttabréfi Bogarbyggðar sem gefið er út reglulega. Stjórnin samþykkir það og Pálmi sér um að halda áfram með málið.

Hreyfivika 2014, Pálmi er búinn að útbúa dagskrá fyrir hreyfivikuna sem verður auglýst í Skessuhorni 25.september. Pálmi hafði samband við leikskóla, grunnskóla og menntaskóla í Borgarfirði og hvatti þá til að taka þátt í verkefninu. Jákvæð viðbrögð komin frá einhverjum leikskólum og nemendur í Heilbrigðisfræði í MB ætla að taka þátt með því að útbúa einn hreyfitengdan viðburð hver og sjá um frá A-Ö.

Umsóknarfrestur um styrk í íþróttasjóð rennur út 1.október. Lagt er til að UMSB sækir um fyrir íþróttar- og tómskundaskólann. Pálma falið að leggja inn umsókn í íþróttasjóð fyrir íþróttar- og tómskundaskóla.

Sórún Halla lagði fyrir fundinn hugmynd um að setja strandblaksvöll við menntaskólann fyrir Unglingalandsmótið 2016. Vel tekið í hugmyndina og lagt til að það verði skoðað nánar.

Rætt um ritun 100 ára sögu UMSB, en við eigum inni styrki fyrir þessu verkefni hjá fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ að upphæð 100.000,- kr.. Stjórn leggur til að reynt verði að fá Flemming Jessen til að taka að sér ritun 100 ára sögu sambandsins.

7. Næsti stjórnarfundur.

- a) 7.október kl. 20 í Brún samkv. dagatali, samþykkt að færa fundinn á Þorgautstaði til að sleppa við að borga leigu í Brún.